

Reykjavík, 31. janúar 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

UMFÍ lýsir yfir ánægju með að frumvarp hafi litið dagsins ljós um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur og nikótínþúða. Regluleysi hefur einkennt sölu á nýlegum vörum með nikótín, þar á meðal rafrettur, nikótínþúða og fleira í þeim dúr.

Ljóst er að aðgengi barna og ungmenna að nikótínvörum, s.s. nikótínþúðum, er meira en að s.s. reyktóbaki. Ástæðan mögulega sú að vörurnar hafa ekki verið færðar undir regluverk. Mikil hættu stafar af því að ekki eru skýrar reglur um sölu, markaðssetningu og notkun á nikótínvörum eins og nikótínþúðum og rafrettum.


Rannsóknir og greining, sem UMFÍ vinnur mikið og náíð með, greindu í fyrsta sinn á síðasta ári að grunnskólanemendur nota nikótínþúða daglega. Rannsóknir og greining byggir niðurstöðurnar á könnun sem lögð var fyrir rúmlega níu þúsund nemendur í 8. 9. og 10. bekk í 81 grunnskólaskóla á Íslandi í september og október árið 2020. Þar kom í ljós að næstum 10% nemenda í 10. bekk nota nikótínþúða daglega.¹ Verði ekkert gert má gera ráð fyrir að notkunin aukist frekar.

Þetta er sorgleg þróun enda hafa forvarnaraðgerðir – hið svokallaða íslenska forvarnarmódel – skilað afar góðum árangri. Svo góður hefur árangurinn verið í gegnum árin að athygli hefur vakið um allan heim hversu vel hefur tekist að draga úr neyslu tóbaks og áfengis og ýmis konar fíkní- og vanabindandi lyfja hjá ungmönnum á Íslandi.

Setning laga um þessar vöru eru því skref í rétta átt þar sem forvarnir eru leiðarljósið.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

¹ Lykiltölur í lífi barna. Ungt fólk 2020. Rannsóknir og greining. Sjá: <https://rannsoknir.is/lykiltolur-i-lifi-barna/>